

Fimleikaþing 9. júní 2018

Þingskjal nr 2

Tillaga frá skrifstofu að Íslandsmóts helgi í áhaldafimleikum og deildarmeistarakeppni í hópfimleikum

Íslandsmótshelgi í áhaldafimleikum

Lagt er til að nýta betur hina frábæru umgjörð sem tekist hefur að skapa í kringum Íslandsmót í Laugardalshöll undanfarin tvö ár. Mikil vinna hefur farið í viðburðinn fyrir í rauninni tvo nokkuð stutta mótshluta og teljum við vel mögulegt að nýta helgina betur.

Það að sjá alla okkar bestu keppendur (í hverju þrepi) í höllinni á einni og sömu helginni væri frábært. Hægt væri að byrja keppni á föstudegi og keppa allt fram á sunnudag.

Hugmyndin er ný af nálinni og íslenskum áhaldafimleikum til framdráttar að því leitinu að mótið mun auka sýnileika yngri fimleikafólks, auk þess að hjálpa okkur að gera Íslandsmót í höllinni að viðburði sem allt okkar efnilegasta og besta fólk myndi taka þátt í.

Deildarkeppni í hópfimleikum

Lagt er til að sett verði upp deildarkeppni í hópfimleikum. Í deildarkeppninni verður eingöngu keppt í A deild hvers flokks. Á mótinu verða veitt verðlaun fyrir deildarmeistara tiltla og 1. – 3. sæti í hverjum flokki. Keppt verður á einum heilum keppnisdegi. Nauðsynlegt er að halda mótið í húsnæði þar sem að við værum með tvöfalda keppnis uppsetningu. En það gerir það að verkum að keppnin verður þétt og líklegra er að áhorfendur verði í húsin allann daginn. Viðræður þarf að hefja við RÚV um útsendingu frá viðburðinum. Hér má sjá hvernig tímabilið mun líta út hjá öllum flokkum og aðdragandi mótsins:

